

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag lóðar, Kálfholt, lnr. 165294.*

Skipulagssvæðið nær til rúmlega 2 ha lóðar úr landi Kálfholts, lnr. 165294. Lóðin liggur við Suðholtsveg nr. 2398 vestan bæjartorfu Kálfholts. Á lóðinni er heimilt að byggja allt að 200 m<sup>2</sup> íbúðarhús og allt að 30 m<sup>2</sup> gestahús/geymslu.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. febrúar 2016.

Auglýsing nr. 547/2016 dagsett 26. maí 2016 og birt 20. júní 2016 fellur úr gildi við gildistöku þessarar auglýsingar.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 6. desember 2016.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2016